

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 234/2016

2018/EES/56/19

frá 2. desember 2016

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1174 frá 15. júlí 2016 um skilmála og skilyrði leyfis fyrir sæfivöru, sem inniheldur dífenakúm, sem Spánn lagði fram í samræmi við 36. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1175 frá 15. júlí 2016 um skilmála og skilyrði leyfis fyrir sæfivöru, sem inniheldur spínósað, sem Bretland lagði fram í samræmi við 36. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 <sup>(2)</sup>.
- 3) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

*1. gr.*

Eftirfarandi liðir bætast við á eftir lið 12nnx (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2016/904) í XV. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„12nny. **32016 D 1174:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1174 frá 15. júlí 2016 um skilmála og skilyrði leyfis fyrir sæfivöru, sem inniheldur dífenakúm, sem Spánn lagði fram í samræmi við 36. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 (Stjútíð. ESB L 193, 19.7.2016, bls. 110).

12nnz. **32016 D 1175:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1175 frá 15. júlí 2016 um skilmála og skilyrði leyfis fyrir sæfivöru, sem inniheldur spínósað, sem Bretland lagði fram í samræmi við 36. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 (Stjútíð. ESB L 193, 19.7.2016, bls. 113).“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerða (ESB) nr. 2016/1174 og (ESB) nr. 2016/1175, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 3. desember 2016, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

<sup>(1)</sup> Stjútíð. ESB L 193, 19.7.2016, bls. 110.

<sup>(2)</sup> Stjútíð. ESB L 193, 19.7.2016, bls. 113.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 2. desember 2016.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Bergdís Ellertsdóttir***

formaður.